

Til: Aðgengis- og samráðsnefnd

Þjónustu- og nýsköpunarsvið kynnir til samráðs stafræna stefnu Reykjavíkurborgar. Stefnunni er ætlað að draga fram áherslur borgarinnar í stafrænum málum til næstu fimm ára.

Við viljum biðja ykkur að skoða stefnuna og koma með athugasemdir og ábendingar varðandi hana. Óskað er eftir að umsögn berist innan 21 dags.

Stafræn stefna Reykjavíkurborgar er fyrsta opna samráðið sem birtist í [nýrri samráðsgátt](#). Markmið stefnunnar er að auðvelda fólki og fyrirtækjum að sækja sér þjónustu með sjálfsagreiðslu og styðja við notendamiðaða nálgun. Þá styður stefnan við lýðræði og mannréttindi með því að leggja áherslu á jafnt stafrænt aðgengi og réttláta málsmeðferð þar sem stafræn réttindi eru innbyggð í þjónustu borgarinnar.

Með fyrirfram þökkum

Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar.